


Íslensk þekking við virkjanir í Indlandi

■ Gangi allir þeir samstarfssamningar eftir sem íslensk orkufyrirtæki og verkfræðistofur hafa gert við Indverja munu fjölmörg störf skapast hjá íslensku fyrirtækjunum á næstu árum.

Mikil tækifæri eru talin vera í Indlandi við virkjun jarðhita og vatnsafls enda sjá Indverjar fram á orkuskort. Íslensk fyrirtæki eru þátttakendur í nokkrum verkefnum. Tvö bættust við þegar Reykjavík Geothermal samdi við indverska fyrirtækið Thermax um byggingu 3 MW jarðvarmavirkjunar í Puga Valley í Indlandi og Landsvirkjun Power og verkfræðistofan Verkís sömdu um ráðgjöf við byggingu og rekstur vatnsaflsvirkjana í Himalajafjöllum. »18





Indland Indverjar hafa uppi áform um virkjun vatnsafls í Himalajafjöllum á næstu árum. Íslendingar sjá þar mikil tækifæri með verkefni og Indverjar hafa leitað eftir ráðgjöf og annarri aðstoð frá íslenskum orkufyrirtækjum og verkfræðistofum. Myndin er tekin við inntak virkjunarinnar Holi, í einni af þverám árinna Ravi, skammt þar frá sem starfsmenn frá Verkís hafa unnið.

Óbeisluð vatnsorka á Indlandi

- Íslensk orkufyrirtæki og verkfræðistofur binda miklar vonir við verkefni á Indlandi á næstu árum
- Orkuskortur ríkjandi og helst horft til endurnýjanlegrar orku ● Formlegt samstarf við Indverja

BAKSVIÐ

Björn Jóhann Björnsson
bjb@mbl.is



Mörg tækifæri eru fyrir íslensk orkufyrirtæki og verkfræðistofur á Indlandi við virkjun jarðhita og vatnsafls. Verkefni eru þó skammt á veg komin en fyrir liggur að Indverjar sjá fram á mikinn orkuskort í landinu, á sama tíma og gríðarlegur hagvöxtur hefur verið í efnahagslífinu. Erú indversk stjórnvöld undir nokkrum þrýstingi um að fara í endurnýjanlega orku frekar en t.d. kolaver. Helst er horft til norðurhéraða Indlands þar sem gríðarstór vatnsföll eru óbeisluð.

Gangi allir þeir samstarfssamningar eftir sem gerðir hafa verið milli Íslendinga og Indverja munu fjölmörg störf skapast hjá íslensku fyrirtækjunum á næstu árum.

Í tengslum við orkuráðstefnu í Nýju-Delí á dögunum hélt samstarfsnefnd Íslands og Indlands um nýtingu endurnýjanlegrar orku sinn fyrsta formlega fund. Fyrir Íslendingum í þeirri nefnd fer Guðni A. Jóhannesson orkumálastjóri. Við þetta tækifæri voru undirritaðir tveir samningar. Annars vegar milli Reykjavík Geothermal og indverska fyrirtækisins Thermax um byggingu 3 MW jarðhitavirkjunar í Puga Valley á Indlandi og hins vegar skrifuðu Landsvirkjun Power (LVP) og verkfræðistofan Verkís undir ráðgjafarsamning um byggingu og rekstur vatnsaflsvirkjana í Himalajafjöllum. Á sömu ráðstefnu átti Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra fundi með ráðherra nýrra og endurnýjanlegra

orkugjafa á Indlandi, forsætisráðherra og vísinda- og tæknimálaráðherra Kasmír og forstjóra Orkubúsins í Kasmír. Á þeim fundum kom fram mikill áhugi á samstarfi við Íslendinga um virkjun jarðhita og vatnsafls.

Ágætar vonir um verkefni

Bjarni Bjarnason, forstjóri Landsvirkjun Power, segir verkefni þeirra á Indlandi á byrjunarstigi. „Við erum búin að skoða þennan markað mjög vel undanfarn tvö ár

og ræða við mörg fyrirtæki. Ég bind ágætar vonir við að þessi samningur sem við gerðum með Verkís endi með verkefnum,“ segir Bjarni en hjá LVP starfa núna um 40 manns. Fyrirhugaðar eru breytingar hjá fyrirtækinu um áramót, þegar verkefni tengd innanlandsmarkaði flytjast til móðurfélagsins, Landsvirkjunar, og eftir verða sex starfsmenn sem munu einbeita sér að orkuverkefnum erlendis. Bjarni segir verkefnastöðuna annars ágæta en LVP hefur verið í verkefnum á Grænlandi, Nova Scotia, Nýfundnalandi og í Georgíu. „Þetta er hæg og sígandi lukka, við erum ekki í fjárfestingarverkefnum heldur fyrst og fremst ráðgjöf,“ segir Bjarni.

Ekki náðist í Guðmund Þóróddsson, framkvæmdastjóra Reykjavík Geothermal, f.v. forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur, en samningur fyrirtækisins við Thermax er samkvæmt frásögnum indverskra fjölmiðla fyrsta jarðhitaverkefnið af þessu tagi á Indlandi. Hjá RG starfa 14 manns, þar af nokkrir fyrriverandi starfsmenn Orkuveitunnar.

VERKÍS NÚ ÞEGAR Í VERKEFNUM Á INDLANDI

Mikilvægir samningar í hús

Verkfræðistofan Verkís varð til fyrir tveimur árum með samruna VST, Raffeikningar, Fjarhitunar, Fjölhönnunar og RT-Rafagnatækni. Hjá fyrirtækinu starfa um 300 manns, þar af 10 manns á þremur skrifstofum Verkís erlendis; Pólandi og Búlgaríu og í Síle með ISOR.

Áð sögn Sveins I. Ólafssonar, framkvæmdastjóra Verkís, er stofan nú þegar með verkefni í gangi á Indlandi, auk samningsins sem gerður var í Nýju-Delí nýverið. Verið er að vinna að hönnun á lítilli vatnsaflsvirkjun, sem skapar 2-3 störf hjá Verkís í rúmt ár, og nýlega lauk verkfræðistofan við úttekt á þremur virkjunarstöðum í Himalayafjöllum. „Ef virkjunarleyfi fæst þar munum við



Sveinn I. Ólafsson

vinna fyrir þann aðila áfram,“ segir Sveinn. Líkt og Bjarni Bjarnason bindur Sveinn vonir við að samstarfssamningurinn með Landsvirkjun Power

leiði af sér talsvert stærri verkefni en Verkís hefur haft til þessa á Indlandi. Um mikilvægan samning sé að ræða.

Áð öðrum erlendum viðfangsefnum Verkís má nefna hönnun á þremur smávirkjnum í Tromsfylki í N-Noregi, mat á virkjunarkostum í Úkraínu og ráðgjöf vegna endurbóta á jarðvarmavirkjunum á Guadaloupe í Karíbahafinu.